



IDAN
fræðslusetur

2013 - 2014

ÁRSSKÝRSLA





Inngangur



Viðburðaríku starfsári IÐUNNAR fræðsluseturs er nú lokið og óhætt að segja að nokkur tímamót hafi orðið á rekstrinum. Á vordögum 2014 flutti fyrirtækið í framtíðarhúsnæði að Vatnagörðum 20 og er starfsemi IÐUNNAR á höfuðborgarsvæðinu loks sameinuð undir sama þaki að stærstum hluta. Húsnæðið að Vatnagörðum hefur verið aðlagð að þörfum IÐUNNAR og kennsluástaða er öll til fyrirmyndar. Skrifstofur og fundaraðstaða er einnig til húsa að Vatnagörðum 20.

Í þjónustukönnun sem framkvæmd var á starfsárinu kom fram mikil ánægja með starfsemi IÐUNNAR. Tæplega 80% félagsmanna voru sáttir við framboð námskeiða og velflestir voru ánægðir með upplýsingamiðlun og markaðssetningu. Ánægja var einnig mikil með störf náms- og starfsráðgjafa og fræðslufulltrúa.

Frá miðju ári 2013 til miðs árs 2014 voru haldin 242 námskeið. Heildarfjöldi þátttakenda á tímabilinu var 2469. Heildarfjöldi haldinna námskeiða hefur nærri tvöfaldast, úr 124 árið 2006 í 242 vorið 2013. Starfsmenn IÐUNNAR eru 23.

Hildur Elín Vignir,
framkvæmdastjóri IÐUNNAR





IDAN fræðslusetur

*Aðalfundur IDUNNAR
var haldinn 26. september
2013. Stjórnin hélt samtals
átta fundi á starfsárinu
2013 – 2014.*

IDAN sinnir símenntun starfsmanna í bílgreinum, bygginga- og mannvirkjagreinum, málm- og véltæknigreinum, prentæknigreinum og matvæla- og veitingagreinum og hársnyrtiðn. Hlutverk IDUNNAR er að sjá fyrirtækjum og einstaklingum fyrir nýrri þekkingu og færni eftir því sem þörf krefur. Áhersla er lögð á að bregðast skjótt við þörfum iðnaðarins fyrir nýja þekkingu. Með öflugri símenntun móta einstaklingar starfsþróun sína eftir kröfum atvinnulífsins og með þeim hætti verður þekking þeirra verðmætari bæði fyrir þá sjálfa og samfélagið í heild.

IDAN býður fyrirtækjum og einstaklingum markviss tækifæri og lausnir í símenntun. Á vegum IDUNNAR fer fram greining á þörfum fyrirtækja fyrir þekkingu. Þjálfun og þekkingu er miðlað með hliðsjón af því sem hentar aðstæðum og þörfum hvers og eins, hvort sem um er að ræða kennslu í skólastofu, þjálfun á vinnustað eða einstaklingsbundna leiðsögn.

Aðalfundur IDUNNAR var haldinn 26. september 2013. Stjórnin hélt samtals átta fundi á starfsárinu 2013 – 2014.



Stjórn ÍÐUNNAR

Aðalmenn í stjórn ÍÐUNNAR árið 2013-2014 voru Katrín Dóra Þorsteinsdóttir, SI, formaður, Hilmar Harðarson, FIT, Atli Vilhjálmsson, BGS, Bjarni Thoroddsen, SI, Finnbjörn Hermannsson, Samiðn, Georg Páll Skúlason, FBM, Eyjólfur Bjarnason, SI, Guðmundur Ragnarsson, VM, Ingólfur Haraldsson, SAF og Níels Sigurður Olgeirsson, MATVÍS.

Varamenn í stjórn voru Friðrik Á. Ólafsson, SI, Jóhannes Jóhannesson, BGS, Heimir Kristinsson, Samiðn, Jóhann R. Sigurðsson, Samiðn, Oddgeir Þór Gunnarsson, FBM, Ragnheiður Héðinsdóttir, SI, Sveinn Ingason, FIT, Þorsteinn Gunnarsson, Matvís og Þröstur Hafsteinsson, SI. Varamaður og áheyrnarfulltrúi í stjórn var Magnús Stefánsson MFH.

Eignarhlutar ÍÐUNNAR skiptast í níu hluta: Samtök iðnaðarins fara með 33%, Samiðn 14,7%, Bilgreinasambandið 10%, Félag bókagerðarmanna 10%, FIT 10%, MATVÍS 10%, Félag vélstjóra og málmþæknimanna 5,3%, Samtök ferðaþjónustunnar 5% og Meistarafélag húsasmiða 2%.

Helstu verkefni stjórnar

Vatnagarðar 20

Á starfsárinu fór mikill tími stjórnar í undirbúning og eftirlit með framkvæmdum á Vatnagarðum 20. Gengið var til samninga við Jáverk sem lagði fram hagstæðasta tilboðið í breytingar á húsnæðinu. Verkið hófst 25. nóvember sl. og flutt var inn í húsnæðið 16. maí sl. Eyjólfur J. Ólafsson var byggingastjóri og Trausti Leósson var eftirlitsaðili fyrir hönd ÍÐUNNAR.

Umhverfisstefna ÍÐUNNAR

Vinnuhópur vann tillögur að stefnu ÍÐUNNAR í umhverfismálum. Í kjölfarið var hafist handa við að flokka sorp og annað sem fellur til í starfsemi fyrirtækisins. Ákveðið var að taka upp vistvæn innkaup eins og kostur er og draga úr pappírnotkun t.d. á námskeiðum með því að afhenta námsgögn á minnislyklum og eins með því að veita nemum aðgang að netsvæðum þar sem námsgögn eru vistuð.

Vefurinn verknam.is

Vefurinn verknam.is var settur upp á vordögum. Um er að ræða gagnvirkan vef sem heldur utan um upplýsingar um laus nemapláss. Tilgangur vefjarins er að auðvelda samskipti á milli forsvarsmanna fyrirtækja sem óska eftir nemum á námssamning og nema sem eru að leita að nemapláss. Á forsiðu vefsins er að finna yfirlit yfir nýjustu lausu nemaplássin hverju sinni og namar sem skrá sig í gagnagrunninn fá tilkynningu í tölvupósti þegar ný nemapláss birtast á vefnum. Vefurinn á að þjóna öllu landinu.

Vefþróun ÍÐUNNAR

Kerfismál ÍÐUNNAR voru til skoðunar en fyrirtækið hefur notað kerfi sem byggir á Access gagnagrunni. Gagnagrunnurinn hentar ekki að öllu leyti lengur fyrir þau verkefni sem ÍÐAN sinnir og áframhaldandi notkun hans mun hamla ákveðinni framþróun innan fyrirtækisins þar sem ekki er hægt að byggja ofan á Access grunninn æskilegar viðbætur, bæta við nýjungum o.fl. Unnin var

ítarleg þarfagreining á kerfismálum ÍÐUNNAR og í framhaldi verður kannað hvaða kerfi henta starfsemi best. Innleiðing á nýju kerfi verður síðan tekið í nokkrum skrefum.

Þjónustukönnun ÍÐUNNAR

ÍÐAN stóð fyrir könnun meðal notenda þjónustu ÍÐUNNAR í desember - janúar sl. Um netkönnun var að ræða sem send var á rúmlega 1700 aðila sem nýttu sér þjónustu fyrirtækisins. Svörin var um 34% sem telst nokkuð góð. Niðurstöður könnunarinnar voru mjög jákvæðar fyrir ÍÐUNA.

Samstarf við Starfsafl um fræðslustjóra að láni

Gerður var samstarfssamningur við Starfsafl um verkefnið fræðslustjóri að láni. Um var að ræða tvö tilraunaverkefni sem unnin voru í samstarfi við veitingastaðinn KOPAR og Starfsafl annars vegar og Íslenskra aðalverktaka og Starfsafl hins vegar. Aðkoma ÍÐUNNAR var með þeim hætti að náms- og starfsráðgjafi ÍÐUNNAR vann að verkefnum með fræðslustjóranum og ráðlagði nánar um endurmenntun starfsmanna hjá viðkomandi fyrirtækjum. Verkefnið verður tekið formlega út þegar því líkur.

Yfirferð á stefnu ÍÐUNNAR

Unnin var nánari greining á ákveðnum þáttum í stefnu ÍÐUNNAR s.s. eins og námskeiðssókn síðustu missera; um umfang og niðurstöður fyrirtækjaheimsókna og fjölda fyrirtækjanámskeiða eftir sviðum. Fram kom að aðstæður til fyrirtækjanámskeiða eru mismunandi eftir greinum og fyrirtækjum. Ákveðið var að fara nánar yfir markmið sem sett voru um umfang þeirra í stefnu ÍÐUNNAR.

Niðurstaða vinnustaðagreiningar

Fyrirtækið MASKÍNA vann vinnustaðagreiningu meðal starfsfólks ÍÐUNNAR 4. - 7. apríl sl. Heildarniðurstöður greiningarinnar voru mjög jákvæðar og hækkaði starfsánægja úr 4,65 í 4,76.



Þjónustukönnun

Þjónustukönnun IÐUNNAR fræðsluseturs fyrir starfsárið 2013 var framkvæmd undir lok desember 2013 og í upphafi janúar 2014. Könnunin var send út í tölvupósti til 1707 viðskiptavina sem sótt höfðu námskeið á vegum IÐUNNAR eða nýtt aðra þjónustu fyrirtækisins, s.s. námsráðgjöf eða þjónustu fræðslufulltrúa. Tæplega 37% svöruðu könnuninni að hluta til og ríflega 34% í heild sinni.

Í könnuninni kom m.a. fram að viðskiptavinir eru almennt sáttir við framboð námskeiða hjá IÐUNNI fræðslusetri. Tæplega 80% svarenda segja framboð námskeiða gott. Auk þess að spyrja almennt um framboð námskeiða voru þátttakendur spurðir hvaða námskeið þeim finndist vanta í námskeiðsflóru IÐUNNAR. Svörin voru mörg og fjölbreytt og munu nýtast vel í skipulagi námskeiðsframboðsins á næstu misserum.

Í könnuninni var spurt um markaðssetningu á námskeiðum og kom skýrt fram að námsvísir IÐUNNAR annars vegar og vefur hins vegar eru helstu markaðstæki. Alls sögðust 41% svarenda sækja sér upplýsingar um námskeið á vefinn en 40% í námsvísi.

Ánægja með vef og námsvísi mældist mikil. Um 70% þátttakenda í könnuninni segjast mjög eða frekar ánægðir með námsvísi

IÐUNNAR og yfir 80% notenda gengur mjög vel eða frekar vel að finna upplýsingar um námskeið á vefnum www.idan.is. Áhugavert er að í könnuninni kom fram að stór hluti viðskiptavina óskar eftir því að fá upplýsingar um áhugaverð námskeið sendar til sín í tölvupósti. Fæstir óska eftir upplýsingum um námskeið í sjónvarpsauglýsingum.

Spurt var hvort þátttakendur hefðu leitað til náms- og starfsráðgjafa IÐUNNAR og voru svör þeirra sem það höfðu gert mjög jákvæð. Óhætt er að segja að mikil ánægja ríki með þjónustu náms- og starfsráðgjafa IÐUNNAR fræðslusetur. Alls segjast 88% svarenda vera mjög ánægðir eða nokkuð ánægðir með þjónustuna.

Spurt var hvort þátttakendur hefðu leitað til fræðslufulltrúa IÐUNNAR, t.d. vegna sveinsprófs eða námssamninga. Þeir sem svöruðu játandi lýstu yfir mikilli ánægju með þjónustuna. Tæplega 92% svarenda voru mjög sammála eða nokkuð sammála því að fræðslufulltrúar IÐUNNAR væru aðgengilegir. Rúmlega 79% svarenda sögðu fræðslufulltrúa IÐUNNAR veita skýr svör við spurningum sínum. Á heildina litið voru niðurstöður þjónustukönnunarinnar mjög jákvæðar.

79%

Tæplega 80% telja framboð námskeiða IÐUNNAR gott.

70%

Um 70% segjast mjög eða frekar ánægðir með námsvísi IÐUNNAR.

88%

Alls segjast 88% vera mjög eða nokkuð ánægðir með þjónustu náms- og starfsráðgjafa.



Vatnagarðar 20

*Nýja húsnæðið
gjörbyltir
kennsluaðstöðu
IÐUNNAR.*

IÐAN fræðslusetur flutti í nýtt húsnæði að Vatnagarðum 20 á starfsárinu. Á vormánudum 2014 var að mestu leyti lokið við breytingar á aðstöðunni og föstudaginn 16. maí 2014 var formlegur flutningsdagur. Fyrstu námskeið í nýja húsnæðinu verða haldin á haustönn 2014.

Óhætt er að segja að flutningarnir hafi gengið vel fyrir sig og ágætlega tekist að aðlaga húsið að margþættum þörfum IÐUNNAR. Að Vatnagarðum mun fara fram verkleg kennsla í fjölmörgum greinum sem áður voru kenndar víðsvegar um höfuðborgarsvæðið og mun kennslan fara fram í aðstöðu sem er sérstaklega hugsuð til slíkra

verka. Aðstaða til bóklegrar kennslu, fyrirlestra og kennslu í upplýsingatæknigreinum er einnig til fyrirmyndar. Við hönnun á húsinu var áhersla jafnframt lögð á að skapa nemendum góða hvíldar- og mataraðstöðu enda geta námskeið staðið yfir í marga klukkutíma í senn. Skrifstofur IÐUNNAR, fundaraðstaða og önnur aðstaða fyrir starfsfólk er einnig til húsa að Vatnagarðum.

Nýja húsnæðið er mikilvægt skref stöðugri þróun IÐUNNAR fræðsluseturs og býður upp á fjölmarga spennandi möguleika í kennslu og kynningarstarfi.



Markaðs- og kynningarmál

Námsvísir IDUNNAR er mikilvægasta markaðstæki fyrirtækisins. Á síðasta ári var námsvísirinn gefinn út að hausti og vor í tæplega 14.000 eintökum í hvort skipti. Námsvísinum er dreift til félagsmanna í pósti auk þess sem hægt er að sækja hann rafrænt á Netinu.

Vefur IDUNNAR er einnig mikilvægt verkfæri til að kynna námskeið og starfssemi IDUNNAR. Flestar umsóknir um námskeið fara í gegnum vefinn. Undir lok árs 2014 var hressst upp á forsiðu vefsins og fréttum og póstlista gert hærra undir höfði. Skráning á póstlista IDUNNAR jókst í kjölfarið og hefur rafræna fréttabréfið og sendingar á póstlista fest sig í sessi sem markaðstæki.

Fylgjendum IDUNNAR á Facebook fer stöðugt fjölgandi og hefur áhersla verið lögð á að miðla þar upplýsingum um starfsemi félagsins og námsframboð. Auk þess eru birtar á Facebook auglýsingar og vísanir í áhugaverðar fréttir og annað efni sem snertir félagsmenn.

IDAN fræðslusetur er til staðar á öllum helstu samfélagsmiðlum, s.s. Twitter (www.twitter.com/idanfraedsla), LinkedIn og YouTube (youtube.com/idanfraedslusetur).









Fylgjendum IDUNNAR á Facebook fer stöðugt fjölgandi og hefur áhersla verið lögð á að miðla þar upplýsingum um starfsemi félagsins og námsframboð.

IÐAN í tölum

Fjöldi námskeiða

2006		124
2007		197
2008		240
2009		221
2010		216
2011		241
2012 - 2013		268
2013 - 2014		242

Fjöldi þátttakenda

2006		1366
2007		1882
2008		2191
2009		2398
2010		2643
2011		2710
2012 - 2013		2551
2013 - 2014		2469









Fjöldi sveinsprófstaka

2006		485
2007		542
2008		681
2009		639
2010		611
2011		485
2012		539
2013		481

Fjöldi námssamninga









2006		551
2007		607
2008		687
2009		507
2010		475
2011		589
2012		643
2013		650

Eigið fé









2006		101
2007		125
2008		158
2009		211
2010		260
2011		279
2012 - 2013		324
2013 - 2014		349



Fjöldi þátttakenda í raunfærnimati

2007		72
2008		143
2009		171
2010		227
2011		234
jan - júní 2012		148
júlí 2012 - júní 2013		222
júlí 2013 - júní 2014		226

Metnar einingar

2007		2294
2008		3819
2009		6236
2010		7586
2011		7474
jan - júní 2012		4591
júlí 2012 - júní 2013		6789
júlí 2013 - júní 2014		7934





Fyrirtækjaþjónusta

Frá árinu 2011 hefur verið boðið upp á fyrirtækjaþjónustu hjá IÐUNNI fræðslu- og samskiptum, sem felst í því að fulltrúar frá IÐUNNI heimsækja fyrirtæki og kynna starfsemi sína. Fyrirtæki sem eiga aðild að IÐUNNI njóta umtalsverðrar niðurgreiðslu af kostnaði við námskeiðahald. Þjónusta IÐUNNAR við fyrirtækin felst meðal annars í kynningu inni í fyrirtækjum á námsframboði hvern annar, þarfagreiningu vegna fræðslu innan fyrirtækis, áætlanagerð í fræðslumálum og skipulagi á framkvæmd fræðslunnar. Á kynningunum er farið yfir námsframboð IÐUNNAR, boðið upp á sérsniðin námskeið, raunfærnimat kynnt og boðið upp á einstaklingsviðtöl. Aldrei hafa heimsóknir í fyrirtæki verið fleiri en á liðnu starfsári en þá voru 151 fyrirtæki heimsótt á ýmsum stöðum á landinu.

Niðurstaða slíkra viðtala getur verið að fara í raunfærnimat í viðkomandi faggrein, skrá sig á námskeið til að efla færni og ýmislegt fleira. Á árinu skráðu sig 87 í einstaklingsviðtal í kjölfar kynninga og 32 óskuðu eftir að komast í raunfærnimat.

Markaðssetning fyrirtækjaþjónustu IÐUNNAR byggir helst á persónulegum samskiptum sviðsstjóra og náms- og starfsráðgjafa við stjórnendur fyrirtækja, en að auki er þjónustan auglýst í námsvísí og á heimasíðu IÐUNNAR. Hringt er í fyrirtæki sem greiða símenntunargjöld til IÐUNNAR og boðið upp á heimsókn sviðsstjóra og náms- og starfs-

ráðgjafa í fyrirtækið. Þetta hefur mælst mjög vel fyrir og undantekningarlaust er vel tekið í slíkar heimsóknir. Mörgum virðist koma á óvart hve mikil og fjölbreytt starfsemi er í gangi hjá IÐUNNI og ljóst að þetta er hvatning til að nýta sér það sem í boði er.

Ýmist eru það stjórnendur á vinnustað eða smærri hópar starfsmanna sem sitja slíkar kynningar. Í lok kynningar er einstaklingum boðið að skrá sig í viðtal hjá náms- og starfsráðgjafa sem margir nýta sér.

Heimsóknum í fyrirtæki hefur fjölgað jafnt og þétt eins og sjá má á meðfylgjandi töflum frá árinu 2011, en heildarfjöldi heimsókna er kominn í 302. Þó skal tekið fram að einhver fyrirtæki hafa verið heimsótt oft en einu sinni og stöku fyrirtæki óska eftir heimsókn vegna nýs námsvísis á hverju ári, sem er sérstaklega ánægjulegt. Þau viðtöl sem tekin hafa verið á vinnustað eru alls 249 og í kjölfar þeirra hafa 114 einstaklingar skráð sig í raunfærnimat. Auk þessara viðtala hafa fjölmargir haft samband við náms- og starfsráðgjafa IÐUNNAR og komið í viðtal á skrifstofu þegar þeim hentar sjálfum.


Fyrirtæki eru nú farin að hafa samband af fyrri bragði og óska eftir kynningu þegar nýr námsvísir IÐUNNAR kemur út og einnig hefur verið óskað eftir heimsókn náms- og starfsráðgjafa vegna nýrra starfsmanna sem ekki hafa lokið námi, þannig að þjónustan er að skila árangri.

Heimsóknir í fyrirtæki hafa aldrei verið fleiri en á liðnu starfsári.

Skipting fyrirtækjaheimsókna eftir greinum 2013 - 2014

Samtals voru 151 fyrirtæki og starfsstöðvar heimsótt á tímabilinu.

	Haut	Vor	Samtals
Málm- og véltæknigreinar	17	19	36
Matvælagreinar	11	10	21
Bílgreinar	12	26	38
Bygginga- og mannvirkjagreinar	17	13	30
Prentæknigreinar	6	7	13
Hárið	13	0	13



Nýjungar í fræðslustarfi



Nýjungar í málm- og véltæknigreinum

*Haldin voru 40 námskeið
á málm og véltæknisviði
og þar af voru 31 námskeið
haldin í fyrirtækjum.*

Námskeið voru með hefðbundnum hætti á málm- og véltæknisviði á starfsárinu. Áfram var boðið upp á suðusmiðjur og alls 3 smiðjur haldnar með þátttakendum af báðum kynjum. Helstu breytingarnar á sviðinu felast í nýja húsnæðinu en gjörbylting verður á allri aðstöðu til námskeiðshalds við flutninga í Vatnagarða 20. Flutningarnir kalla á aukinn tækjabúnað og á starfsárinu var keypt nýtt útsogskerfi frá rafsúðu og

sérstakur hljóðeinangrandi klefi fyrir slípi-
vinnu. Haldin voru 40 námskeið á málm og
véltæknisviði og þar af voru 31 námskeið
haldin í fyrirtækjum. Þá var tekinn í notkun
nýr vökvatæknibúnaður til kennslu í vökvatækni farartækja. Á næsta ári er stefnt að endurnýjun búnaðar og tölvukerfa sem eru orðin úrelt. Starfsmenn sviðsins sóttu einnig 4 endurmenntunar námskeið á síðasta ári.



*Fagtengd
handverksnámskeið
hafa verið mjög
vinsæl og var aukið
við framboð þeirra
með námskeiðum um
hnífasmíði og tálgun.*

Nýjungar í bygginga- og mannvirkjagreinum

Raki og mygla í húsum hefur mikið verið til umfjöllunar undanfarin ár og hefur ÍÐAN verið í fararbroddi um fræðslu um þau efni. Á árinu var bætt um betur og boðið upp á nýtt námskeið, framhaldsnámskeið þar sem fjallað er um hvernig losna eigi við raka og myglu úr húsum. Með auknum kröfum mannvirkjalaga og byggingareglugerðar hefur aukist mjög þörf fyrir menntun stjórnenda í byggingariðnaði. Á árinu var boðið upp á nýtt námskeið, framkvæmdastjórnun og áætlanagerð í byggingariðnaði þar sem fjallað var um alla helstu þætti við stjórnun framkvæmda. Einnig var aukið við framboð námskeiða um gæðastjórnun og voru þrjú námskeið í boði á síðasta ári. Einnig var bætt við námskeiðum um öryggi á byggingavinnustöðum og merkingu vinnusvæða. Fagtengd handverksnámskeið hafa verið mjög vinsæl og var aukið við framboð þeirra með námskeiðum um hnífasmíði og tálgun.

ÍÐAN stóð að verkefni um varnir gegn vatnstjónum í samvinnu við Mannvirkjastofnun, Nýsköpunarmiðstöð Íslands, tryggingafélögin og meistarafélög múrara, pípulagningamanna og veggfóðrara og dúklagningamanna. Í tengslum við það verkefni var boðið upp á nýtt námskeið um frágang votryma.

Nokkur ný fagnámskeið fyrir bygginga-menn voru kynnt til sögunnar á sl. ári. Í pípulögnum var boðið námskeið um þrýsti-loftskerfi og námskeið um lagnir í sundlaugum. Í húsa- og húsgagnasmíði var boðið nýtt námskeið um þök, rakaástand og myglu, námskeið um tölvustýrðar trésmíðavélar og námskeið um brunahólfandi innihurðir og glerveggi. Nýtt námskeið um flísalagnir á svalagólf var boðið fyrir múrara og námskeið um Weber múrklæðningar. Fyrir málara voru ný námskeið um gyllingar og um málningar-uppleysi. Í veggfóðrun og dúkalögn var boðið upp á nýtt námskeið um gólfteppi. Skrúðgarðyrkjumönnum voru boðin námskeið um trjáklippingar og um leiksvæði. Við þróun námskeiða hefur verið lög áhersla á góða samvinnu við hagsmunaaðila svo sem fagfélög, birgja, Mannvirkjastofnun, Nýsköpunarmiðstöð og fleiri aðila.

Námskeið bygginga og mannvirkjasviðs voru haldin í Reykjavík, Borgarnesi, Ísafirði, Sauðárkróki, Akureyri, Egilsstöðum og Selfossi.



Á starfsárinu voru hafnar upptökur á vefnámskeiðum sem nú hafa verið birt á YouTube síðu IÐUNNAR.

Nýjungar í prentiðngreinum

Það var mikið um að vera í upplýsinga- og fjölmiðlagreinum á starfsárinu. Á haustönn var m.a. boðið upp á nokkur námskeið í Creative Cloud umhverfinu frá Adobe fyrirtækinu en þar er á byltingarkenndan hátt unnið með margvíslegan hönnunar hugbúnað. Sérfræðingur frá Man Roland mætti til landsins og kenndi prenturum léttar viðgerðir. Hádegisfyrirlestrar nutu mikilla vinsæla og nokkur fyrirtæki í prentiðnaði voru sótt heim.

Á vorönn var hafin kennsla í hæðarprentun í samvinnu við Reykjavík Letterpress. Einnig var haldið vel sótt námskeið fyrir prentsmiði og grafíska hönnuði um vefmál og hönnun fyrir vefinn. Walter Gryson prentkennari frá Belgíu kenndi afar vinsælt námskeið um upphleypingu, stönsun og gyllingu. Í samvinnu við Nýsköpunarmiðstöð Íslands (NMÍ) var haldið námskeið í FabLab smiðjunni í Breiðholti.

Fyrirhugað er nánara samstarf við NMÍ. Einnig má nefna vinsælt námskeið í formhönnun.

Áfram er haldið á þeirri braut að bjóða prentfyrirtækjum og viðskiptavinum þeirra þjónustu með stillingar og skjástillingar. Hefur Ólafur Brynjólfsson sinnt þessari þjónustu fyrir IÐUNNA.

Á starfsárinu voru hafnar upptökur á vefnámskeiðum sem nú hafa verið birt á YouTube síðu IÐUNNAR. Fyrirhugað er áframhald á þeirri vinnu auk þess sem ætluin er að taka upp fræðslufundi og kynningar og birta á vefnum.

Í janúarmánuði hófst vinna við sviðsmyndir (e. scenarios) um framtíð prentiðnaðar í landinu. Verkefnið var unnið í samvinnu IÐUNNAR, SI og FBM. Verkefnastýring var í öruggum höndum KPMG. Niðurstöður voru kynntar í maí og hafa allir hlutaðeigandi hafið breytingarferli í kjölfar þeirra.

Nýjungar í matvæla- og veitingagreinum

Matvæla- og veitingasvið IDUNNAR og Sæmundur fróði buðu fram fjölbreytt úrval af námskeiðum. Námskeiðin fóru fram á Akureyri, Egilsstöðum, Hvolsvelli, í Hótel- og matvælaskólanum í Kópavogi og í fyrirtækjum á höfuðborgarsvæðinu. Fagnámskeið I og II voru haldin á árinu og þátttakendur á námskeiðunum voru samtals 22. Ánægjulegt er að sjá hversu hve hátt hlutfall þeirra sem ljúka fagnámskeiðum halda áfram námi í framhaldsskólanum. Ástæða er að geta þess að samtals luku 17 þátttakendur matartækna-

námi í desember 2013 en meirihluti þeirra höfðu áður lokið fagnámskeiðum I, II og farið í raunfærnimat fyrir nám í matartækni. Nokkur ný námskeið voru á boðstólum s.s. eins og um innra eftirlit í bakaríum, námskeið um brauð í samvinnu við fyrirtækið Íslensk ameríska, námskeið um eftirrétti var haldið á Akureyri, námskeið um ostagerð, um menningarlæsi, um mat og næringu fyrir grunnskólabörn og HACCP námskeið sem var haldið fyrir um 111 starfsmenn Sláturfélags Suðurlands.

Fagnámskeið I og II voru haldin á árinu og þátttakendur á námskeiðunum voru samtals 22.





Á vorönn 2014 var t.a.m. boðið upp á námskeið í tölvustýringum, rafeindabúnaði bifreiða og öryggi og þekkingu á nýorkubílum.

Nýjungar í bíliðngreinum

Námskeið í bílgreinum voru með hefðbundnu sniði á starfsárinu. Kennd voru stök námskeið og einnig var nokkuð um séraðlöguð fyrirtækjanámskeið. ÍÐAN er í góðu samstarfi við fjölmörg fyrirtæki í bíliðnaði og nýttu t.a.m. nokkur bílaumboð sér aðstöðuna í Gylfaflötinni eins og síðustu misseri.

Framfarir hafa verið örar í bílgreinum undanfarin ár líkt og öðrum iðngreinum og er lögð áhersla á að endurspeglu þá þróun í námskeiðsframboði ÍÐUNNAR.

Á vorönn 2014 var t.a.m. boðið upp á námskeið í tölvustýringum, rafeindabúnaði bifreiða og öryggi og þekkingu á nýorkubílum. Þá var einnig í boði fjögurra daga námskeið í Danörku samstarfi við TSS skólann þar í landi.

Skipulag á nýju húsnæði tók drjúgan tíma á starfsárinu enda um stórt verkefni að ræða. Nýtt húsnæði kallar á endurnýjun tækjabúnaðar og á starfsárinu var endurnýjaður búnaður til kennslu í hjólastillingum ásamt því sem Car-o-line réttningabekkur var tekinn í hús.



Nýjungar í hársnyrtiðn

Tekin var sú ákvörðun að beiðni félaga í hársnyrtiðn að taka upp styrkjakerfi, sem felst í endurgreiðslu fagnámskeiða að eigin vali fyrir félagsmenn.

Endurmenntun hársnyrtifólks fer að miklu leyti fram í gegnum vörumerki og vilja fagmenn fá tækifæri til að sækja námskeið sem eiga beint við um þær vörur sem þeir nota. Ákveðið var að halda að sér höndum í stærri sýningum og sjá hvernig eftirspurn styrkjanna yrði. Framboð á styttri einstaklings- og rekstrarnámskeiðum var aukið í samvinnu við Endurmenntun Háskóla Íslands. Boðið var upp á léttari tegund af námskeiðum sem eru til þess fallin að létta lund og efla starfsanda.


Vínsmökkun og jólakonfektgerð eru dæmi um slík námskeið. Einnig var haldið áfram með ná græna hársnyrtingu, en með breyttu sniði.

Heimsóttar voru hársnyrtistofur á suður-, austur- og norðurlandi til að kanna viðhorf til nematöku og námskeiðspörf, ásamt því að taka þátt í kynningu FSU og VMA á iðnnámi. Hjá VMA voru haldin tvö námskeið ásamt kynningu á evrópsku nemaskiptaverkefni þar sem nemum gefst tækifæri á að taka hluta af starfsnámi sínu erlendis. Sambærileg kynning var haldin í VA.


Á starfsárinu var tekið upp styrkjakerfi sem felst í endurgreiðslu fagnámskeiða.

Náms- og starfsráðgjöf


Mynd 1. Heildarfjöldi ráðgjafaviðtala.



Mynd 2. Fjöldi einstaklinga í raunfærnimat.



Mynd 3. Fjöldi staðinna eininga.



Náms- og starfsráðgjöf IÐUNNAR er orðinn stór hluti af kjarnastarfsemi fyrirtækisins. Þýður hún starfsfólki í iðn- og verkgreinum að skoða þá möguleika sem það hefur á námi og starfsþróun. Markmið ráðgjafarinnar er að stuðla að auknum árangri og færniuppbyggingu einstaklinga, til dæmis með raunfærnimati og námi. Náms- og starfsráðgjöfin er gjaldfrjál.

Fræðslumiðstöð atvinnulífsins gerir samning við IÐUNA ár hvert og felst í honum að bjóða fólki á vinnumarkaði og atvinnuleitendum með litla grunnmenntun náms- og starfsráðgjöf og raunfærnimat.

Náms- og starfsráðgjafar IÐUNNAR eru fjórir og hafa þeir sinnt náms- og starfsráðgjöfinni en að auki tekið þátt í vinnu starfsgreinaráða, verið fulltrúar í átaksnefnd mennta- og menningarmálaráðuneytisins um kynningu á iðn- og verknámi, sinnt námskynningum í framhaldsskólum og á iðnnemakeppninni og haldið utan um mat á erlendra starfsmenntun.

Árangur í starfi

Fjöldmargir hafa hitt náms- og starfsráðgjafa, bæði í einstaklings- og hópráðgjöf. Starfsárið 2013 - 14 var heildarfjöldi ráðgjafaviðtala hjá IÐUNNI 2.639 og er það sambærilegt við árið þar á undan (mynd 1). Helstu viðfangsefni í ráðgjafaviðtölum hafa snúið að raunfærnimati, áhugasviðsgreiningu, ráðgjöf við atvinnuleitendur og almennri náms- og starfsráðgjöf.



*18 námsbrautir
í raunfærnimat.*

226 einstaklingar.

7.934 staðnar einingar.

*35 einingar að meðaltali
staðinna eininga sem er
talsvert meira en fyrri ár.*

*Boðið upp á tveir nýjar
greinar í raunfærnimati.*

*61 einstaklingur hjá
4 símenntunarmiðstöðvum
raunfærnimetinn.*

151 fyrirtæki heimsótt.

Raunfærnimat

Raunfærnimat er frábær leið fyrir fólk sem hefur reynslu úr atvinnulífinu en stutta formlega skólagöngu. Með því að fara í raunfærnimat er hægt að stytta nám, sýna fram á reynslu og færni í starfi. Matið getur styrkt stöðu einstaklinga á vinnumarkaði og eftt sjálfstraust þeirra ásamt því að stytta mögulega nám til sveinsprófs/réttinda.

Á starfsárinu var unnið raunfærnimat á 18 námsbrautum. Alls fóru 226 einstaklingar í raunfærnimat (mynd 2) og fjöldi staðinna eininga á árinu var 7.934 (mynd 3). Meðaltal staðinna eininga í raunfærnimati voru 35 á hvern einstakling sem er talsvert meira en fyrri ár. Boðið var upp á raunfærnimat í tveimur nýjum greinum á árinu; málmsuðu og skrudgarðyrkju.

Gott samstarf er við símenntunarmiðstöðvar landsins og er reynt að bjóða raunfærnimat úti á landi eins og kostur er. Að þessu sinni var 61 einstaklingur raunfærnimetinn hjá fjórum símenntunarmiðstöðvum víðsvegar á landinu.

IÐAN reynir eftir fremsta megni að fylgja eftir þátttakendum raunfærnimats. Ánægjulegt er að segja frá því að nú hafa 420 einstaklingar lokið námi eftir raunfærnimat sem samsvarar 29% allra þeirra sem tekið hafa þátt. Um þriðjungur er nú í námi að loknu raunfærnimati en því miður þá stækkar hópurinn sem hefur ekki nám eða hættir í námi. Þessi hópur er meira áberandi í nokkrum greinum eins og t.d. vélstjórn þar sem mögulega hentar námsframboðið ekki mönnum út á sjó.

Fyrirtækjaþjónustan

Fyrirtækjaþjónustan hefur skapað sér ákveðinn sess hjá IÐUNNI. Í henni felst að náms- og starfsráðgjafi og sviðsstjóri heimsækja fyrirtæki. Í heimsókninni er farið yfir námsframboð IÐUNNAR, boðið upp á sérsniðin námskeið, raunfærnimat kynnt og boðið upp á einstaklingsviðtöl fyrir starfólk. Á síðasta starfsári var 151 fyrirtæki heimsótt víðsvegar um landið. Hafa heimsóknirnar borið mikinn árangur þar sem margir einstaklingar hafa sótt námskeið, raunfærnimat og annað að þeim loknum.

Ráðgjöf fyrir atvinnuleitendur hefur breyst nokkuð miðað við síðustu starfsár, með minnkandi atvinnuleysi. Það var til að mynda ekki gerður áframhaldandi samningur við Vinnumálastofnun um ráðgjöf við atvinnuleitendur í því formi sem áður var. Hins veagar komu margir frá VMST á suðusmiðjur sem haldnar voru á vegum IÐUNNAR fræðsluseturs.

Eins og á fyrra ári var mikið samstarf við STARF- vinnumiðlun og ráðgjöf. Hlutverk náms- og starfsráðgjafar IÐUNNAR var að veita þjónustu í samstarfi við ráðgjafa STARFS til atvinnuleitenda sem eru félagsmenn í FIT og Byggið. Útbúið var námskeið, bæði á íslensku og ensku, þar sem áhersla var lögð á ferilskráargerð, fjallað um samskipti og styrkleika einstaklinga sem og mikilvægi markmiðssetningar og undirbúning fyrir atvinnuviðtal. Einnig kom stéttarfélagið með fræðslu um réttindi og skyldur félagsmanna. Níu slík námskeið voru haldin, þóttust takast mjög vel og verða þess vegna áfram í boði á næsta starfsári.



Íslandsmót iðn- og verkgreina 2014

Íslandsmót iðn- og verkgreina var haldið í Kórnum í Kópavogi dagana 6. - 8. mars. Mótið er stærsta iðn- og verkgreinakeppni sem haldin hefur verið á Íslandi og kepptu u.þ.b 200 nemendur í 24 greinum. Samhliða keppninni var haldin vegleg framhaldsskólakynning í Kórnum þar sem 25 framhaldsskólar kynntu námsframboð sitt, bæði verklegt og bóklegt. Yfir 7000 grunnskólanemendur heimsóttu Kórinn á meðan á keppninni stóð og náði kynnis- og sýningarsvæðið yfir 5.500 m² svæði.

Starfsmaður IÐUNNAR var í framkvæmdanefnd mótsins og kom starfsfólk IÐUNNAR að eða sá um 16 af 24 keppnisgreinum á mótinu ásamt því að leggja til tækjabúnað. Tveir starfsmenn IÐUNNAR voru dómara á mótinu. IÐAN mannaði einnig vaktir í móttöku á gestum þegar þeir komu í hús. IÐAN fræðslusetur var með bás á staðnum og kynnti starfsemi sína gestum og gangandi.



SVEINSPRÓF

IÐAN rekur umfangsmikla þjónustu við nemendur í verknámi. Fyrirtækið sér um gerð námssamninga og heldur utan um skrár yfir nemendur í vinnustaðanámi fyrir um 30 löggiltar iðngreinar. Jafnframt veitir IÐAN sveinsprófsnefndum þessara löggiltu iðngreina þjónustu með skráningu nemenda í sveinspróf, við undirbúning prófa og aðstoð við gerð verklagsreglna um framkvæmd prófa. IÐAN aðstoðar nemaleyfisnefndir við störf þeirra við mat á fyrirtækjum sem sækja um heimild til þess að taka nema á námssamning.

IÐAN hefur umsjón með sveinsprófum í 28 löggiltum iðngreinum. Á tímabilinu frá 1. júlí 2013 til 30. júní 2014 preytti samtals 481 nemi sveinspróf í þeim iðngreinum sem IÐAN þjónar.

IÐAN hefur staðið fyrir kynningum á gæðahandbók fyrir sveinsprófsnefndir. Tilgangurinn með handbókinni er að lýsa hlutverki og tilgangi nefndanna, ásamt því að lýsa verklagi með það að leiðarljósi að auka gæði og gagnsæi við framkvæmd prófanna.

Alls starfa á fjórða tug nefnda í þeim löggiltu iðngreinum sem IÐAN þjónar með á annað hundrað nefndarmenn.

481

nemar preyttu sveinspróf
í þeim iðngreinum sem
IÐAN þjónar.

Iðngrein	2008	2009	2010	2011	2012	2013
Almenn ljósmyndun	7	9	3	6	8	3
Bakaraíðn	3	9	7	4	2	8
Bifreiðasmíði	5	7	9	10	10	3
Bifvélavirkjun	32	31	35	27	27	59
Bílamálun	5	10	7	9	12	10
Blikksmíði	8	8	4	1	5	5
Bókband		1		3	2	
Framreiðsluiðn	11	15	7	12	10	25
Gull- og silfursmíði		6	5	3	6	10
Hársnyrtiðn	71	47	74	49	68	23
Húsasmíði	253	199	170	92	112	72
Húsgagnabólstrun						
Húsgagnasmíði	6	2	2	3	0	
Kjólasmumur	12	8	11	6	15	11
Kjötiðn	3	4	2	4	4	3
Klæðskurður	7	4		6	9	8
Konditor						
Matreiðsla	45	32	39	27	42	39
Málaraiðn	21	35	25	23	22	17
Málmsuða					0	
Múraraíðn	11	10	12	10	7	4
Netagerð		2			0	2
Pípulagnir	57	49	39	37	31	21
Prentsm./grafísk miðlun	8	9	1	8	6	11
Prentun	3	7			1	
Rennismíði		10	5	6	9	4
Skípa og bátasmíði						
Skósmíðaiðn	1				0	
Snyrtifræði	51	36	49	36	41	47
Stálsmíði	8	6		5	12	
Söðlasmíði			1		0	4
Úrsmíði			1		1	
Veggfóðrun	3	4	2	1	0	1
Vélvirkjun	50	79	90	97	78	91
Samtals	681	639	604	485	539	481

NÁMSSAMNINGAR

Þjónusta ÍÐUNNAR fræðsluseturs felst í því að taka á móti umsóknum um gerð námssamninga, meta fylgigögn og áætla námslok nema. Samningsaðilar fá námssamninga senda. Þegar nemi og meistari hafa skrifað undir samninginn og hann verið samþykktur af skólanum er hann staðfestur af ÍÐUNNI fræðslusetri. Í töflu 4 er yfirlit yfir fjölda námssamninga sem staðfestir hafa verið árin 2008–2013.

Töluverð brögð eru að því að umsóknir um námssamninga verði aldrei að staðfestum námssamningum. Kemur þar margt til, t.d. að fullnægjandi gögn berast ekki með umsókn, nemi hættir í námi eða námssamningur kemur ekki til staðfestingar þó hann hafi verið sendur til nema og meistara.



löngrein	2008	2009	2010	2011	2012	2013
Almenn ljósmyndun	8	5	1	9	8	7
Bakaraíðn	9	4	7	16	7	14
Bifreiðasmíði	7	6	12	3	9	5
Bifvélavirkjun	48	19	29	29	47	52
Bílamálun	8	5	6	7	16	9
Blikksmíði	8	3	3	1	9	8
Bókasafns- og upplýsingat.	3					
Bókband	3	1		1		
Framreiðsluiðn	13	20	24	40	38	37
Gull- og silfursmíði	3	1	5	4	12	3
Hársnyrtiðn	74	68	64	57	52	47
Húsmíði	169	95	77	79	73	81
Húsgagnabólstrun				1	1	0
Húsgagnasmíði	7	1	1	1	7	7
Kjólasmíði	9	7	8	9	17	12
Kjötiðn	9	3	8	11	14	14
Klæðskurður	7	4		8	8	5
Konditor				1		0
Matreiðsla	83	64	62	107	136	135
Málaraiðn	28	11	8	23	12	17
Mjólkuriðn	3	6	2	7		0
Múraraíðn	17	8	12	9	8	5
Netagerð				2	4	5
Pípulagnir	33	28	22	29	18	28
Prentsmíð og grafísk miðlun	7	3	4	11	5	12
Prentun	3	3			4	0
Rennismíði	7	14	4	3	10	6
Skípa- og bátasmíði			1			0
Skósmíði				1		1
Snyrtifræði	49	38	43	43	52	46
Söðlasmíði	2					0
Úrsmíði					1	9
Stálmíði	8	9	4	10	15	1
Veggfóðrun og dúkl.		1		1		0
Vélvirkjun	62	80	73	66	60	84
Samtals	687	507	485	589	643	650

Símenntun

Námsvísir IÐUNNAR fræðsluseturs kemur út tvisvar á ári og er dreift til allra aðila IÐUNNAR. Upplagið er rúmlega 14.000 eintök. Námsvísirinn er einnig aðgengilegur á vef IÐUNNAR þar sem skráning á námskeið fer einnig fram.

Félagsmenn eiga kost á ferðastyrk til þess að sækja námskeið og er styrkurinn veittur eftir ákveðnum reglum sem birtar eru á vef IÐUNNAR. Skilyrði fyrir styrkveitingu eru þau að greidd hafi verið símenntunargjöld af styrkþega til IÐUNNAR.

Í námskeiðsflórunni á komandi árum. Jafnframt er stefnt að fleiri upptökum á opnum fræðslufundum og fyrirlestrum en opnuð hefur verið sérstök rás á YouTube (www.youtube.com/idanfraedslusetur) til að miðla slíku efni.

IÐAN heldur námskeið um allt land. Á síðasta starfsári hófst þróun netnámskeiða og fræðslu-myndskeiða og er stefnt að því að auka vægi þeirra

Á starfsárinu 2013 - 2014 voru haldin 242 námskeið. Fjöldi þátttakenda var samtals 2469.

Fjöldi þátttakenda og námskeiða IÐUNNAR haust 2014

Á haustönn 2014 voru haldin 1214 námskeið og þátttakendur voru samtals 1.274.

Haut 2014	Haldin námskeið	Fjöldi þátttakenda	Kennslu- stundir	Heildar kennslustundir
Bílgreinasvið	20	181	364	3855
Bygginga- og mannvirkjasvið	39	431	503	4879
Hárið	6	109	42	459
IÐAN námskeið	7	53	171	1315
Matvæla- og veitingasvið	13	163	169	2164
Málm- og véltækisvið	16	115	634	5754
Prenttækisvið	13	222	93	1224
Samtals	114	1274	1976	19650

Fjöldi þátttakenda og námskeiða IÐUNNAR vor 2013

Á vorönn 2014 voru haldin 128 námskeið og þátttakendur voru samtals 1195.

Vor 2014	Haldin námskeið	Fjöldi þátttakenda	Kennslu- stundir	Heildar kennslustundir
Bílgreinasvið	15	122	282	2356
Bygginga- og mannvirkjasvið	46	506	599	6077
Hárið	1	2	13	26
IÐAN námskeið	13	114	210	1918
Matvæla- og veitingasvið	9	159	107	1167
Málm- og véltækisvið	24	110	624	3440
Prenttækisvið	20	182	244	2225
Samtals	128	1195	2079	17209



Skipting þátttakenda eftir félagsaðild haust 2013


Haust 2013	Félagsmenn	Aðrir	Félagmenn sem % af heild hvers sviðs
Bílgreinasvið	176	5	97%
Bygginga- og mannvirkjasvið	300	131	70%
Hárið	109	0	100%
IÐAN námskeið	49	4	92%
Matvæla- og veitingasvið	119	44	73%
Málm- og véltæknisvið	108	7	94%
Prenttæknisvið	199	23	90%
Samtals	1060	214	83%

Þátttakendur á haustönn 2013 voru 1274 og 83% þeirra voru félagsmenn.

Skipting þátttakenda eftir félagsaðild vor 2014

Vor 2013	Félagsmenn	Aðrir	Félagmenn sem % af heild hvers sviðs
Bílgreinasvið	116	6	95%
Bygginga- og mannvirkjasvið	135	191	62%
Hárið	2	0	100%
IÐAN námskeið	113	1	99%
Matvæla- og veitingasvið	137	22	86%
Málm- og véltæknisvið	103	7	94%
Prenttæknisvið	171	11	94%
Samtals	957	238	80%

Þátttakendur á vorönn 2014 voru 1195 og 80% þeirra voru félagsmenn.



Verkefnavinna

*Starfsfólk
IÐUNNAR komu
að margvíslegum
verkefnum á síðasta
starfsári.*

Erasmus+ áætlunin

Erasmus+ áætlunin er menntasjóður fyrir öll skólastig og kemur meðal annars í stað Leonardo da Vinci áætlunar um starfsmenntun. Starfsfólk IÐUNNAR sóttu kynningarnámskeið um þessa nýju áætlun og fengu einnig forsvarsmenn Rannís sem fara með sjóðinn til viðræðna. Miklar breytingar hafa verið gerðar á sjóðunum bæði varðandi inntak og umsóknarferli frá því sem áður var. IÐAN sótti um í alls fjögur samstarfsverkefni á sviði starfsmenntunar og endurmenntunar.

Starfsgreinaráð

IÐAN þjónar starfsgreinaráðum í upplýsinga- og fjölmiðlagreinum, matvæla-, veitinga, og ferðaþjónustugreinum, bygginga- og mannvirkjagreinum, farartækja- og flutningsgreinum, hönnunar- og handverksgreinum og snyrtigreinum.

Starfsgreinaráðin eru skipuð af mennta- og menningarmálaráðherra samkvæmt tilnefningu samtaka á vinnumarkaði. Starfsgreinaráðin gegna veigamiklu hlutverki í samstarfi atvinnulífs og skóla, m.a. við að koma óskum og tillögum vinnumarkaðarins um skólastarf á framfæri við skóla og ráðuneyti.



Mannskiptaverkefni og Europass – starfsmenntavegabréf

Markmiðið með starfsmenntavegabréfinu er að stuðla að viðurkenningu starfsþjálfunar í öðru Evrópulandi. ÍÐAN staðfesti samtals þrjátíu og fjögur starfsmenntavegabréf frá 1. júní 2013-31. maí 2014. Dvalartími iðnnema var afar mismunandi, frá því að vera tvær vikur í allt að sex mánuðum. Dvölin var styrkt af Menntaáætlun Evrópusambandsins. Á þessu tímabili fóru nemarnir til Danmerkur, Noregs, Frakklands, Bretlands, Norður Írlands og Finnlands.

Móttaka erlendra nema og fagmanna

ÍÐAN tekur þátt í að taka á móti verknaðsnemendum og sérfræðingum sem tengjast greinum. ÍÐAN útvegar þeim starfsþjálfunarpláss hjá fyrirtækjum hér á landi. Almenn ánægja hefur verið á meðal erlendu gestanna sem og þeirra fyrirtækja sem hafa tekið þátt í þessum verkefnum. Frá 1. júní 2013-31. maí 2014 tókum við á móti fagmönnum frá Finnlandi, Bretlandi, Belgíu, Frakklandi og Norður Írlandi á sviði bilgreina, matreiðslu, snyrtifræði og framleiðslu. Við tókum að sama skapi á móti iðnnemum í þessum greinum frá fyrrgreindum löndum.

Eftirfarandi fyrirtæki tóku þátt í þessum verkefnum: Perlan, Vox, Fiskmarkaðurinn, Grillmarkaðurinn, Kopar, Hótel Natura, Verkstæði Brimborgar, Bifreiðaverkstæði Heklu og BL réttingar og málun. Verkefni eru styrkt af Menntaáætlun Evrópusambandsins.


Verknam.is

Á vormánuðum 2014 var vefnum verknam.is hleypt af stökunum að frumkvæði ÍÐUNNAR fræðsluseturs. Verknam.is er opin og gjaldfrjálst vettvangur fyrir nemendur í leit að nemaplássi og fyrirtæki eða meistara sem vilja auglýsa laus nemapláss til umsóknar. Á verknam.is vefnum geta nemendur á einfaldan hátt leitað eftir og sótt um laus nemapláss. Umsóknin berst fyrirtækinu eða viðkomandi meistara sem metur hana og svarar um hæl. Nemendur geta einnig stofnað aðgang að vefnum og skráð upplýsingar um eigið nám, menntun og starfsreynslu. Þessar upplýsingar er hægt að gera aðgengilegar fyrirtækjum eða meisturum í leit að nemum.

Samhliða verknam.is vefnum var stofnaður hópur (e. Group) á facebook þar sem laus nemapláss eru auglýst til umsóknar. Nú þegar hafa yfir 500 einstaklingar skráð sig í hópinn.

Sjálfbær norræn velferð

ÍÐAN tekur þátt í þessu verkefni norrænu ráðherranefndarinnar og stendur yfir tímabilið 2013-15 og á að skapa samstarfsvettvang um skoðunarskipti á sviði velferðar og fellur menntun og störf fyrir velferð þar undir. Verkefnið fjallar meðal annars um lærdóm á vinnustað í sinni víðustu merkingu. Markmiðið er að finna leiðir til að takast á við mismunandi áskoranir eins og til dæmis um aðgengi að læringsstöðum í starfsnámi og gæði náms á vinnustað og stuðla að leiðum til að auka hlutfall þeirra sem ljúka námi. Skolverket í Svíþjóð hefur yfrumsjón með verkefninu og er hægt að fylgjast með framgangi verkefnisins hér. <http://www.skolverket.se/fran-skola-till-arbetsliv/apl/apl-utveckling/lpa>.



Á starfsárinu fóru 15 einstaklingar í raunfærnimat í skrudgarðyrkju og hafa 11 þeirra innritað sig í nám.

Nýjungar á árinu

Unnið var að raunfærnimati í málmsuðu í fyrsta skipti á árinu og kom það til vegna eftirspurnar Félags málmíðnaðarmanna á Akureyri og Slippsins. Var því ákveðið að bjóða raunfærnimatið á Norðurlandi og það unnið í samstarfi við Símenntunarmiðstöð Eyjafjarðar, Verkmenntaskólann á Akureyri og FMA. Málmsuða er löggild iðngrein, 75 eininga nám en að því loknu fá einstaklingar jafngildi sveinsbréfs.

Þátttakendur í raunfærnimatinu voru 12 og fékk hver þeirra um 42 einingar metnar. Í framhaldinu bauð VMA upp á málmsuðubraut í samstarfi við IÐUNA og nýttu 10 einstaklingar úr raunfærnimatinu sér það námstilboð. Þeir útskrifuðust svo í desember 2013 og fengu sveinsbréf í málmsuðu afhent í apríl við hátíðlega athöfn í Iðnaðarsafninu á Akureyri.

IPA

IÐAN sótti um allmörg IPA verkefni hjá FA og fékk eitt verkefni til framkvæmdar í skrudgarðyrkju. Gott samstarf var við Landbúnaðarháskóla Íslands um undirbúning og framkvæmd raunfærnimatsins ásamt námsúrræðum að því loknu. Á starfsárinu fóru 15 einstaklingar í raunfærnimat í skrudgarðyrkju og hafa 11 þeirra innritað sig í nám. Eftirspurn eftir raunfærnimati í skrudgarðyrkju varð mjög mikil og var ákveðið að bjóða annað verkefni í kjölfarið og áætlað er að 13 einstaklingar muni ljúka því á næsta starfsári.

Eins og sjá má hefur starfsárið verið viðburðaríkt, verkefnið fjölbreytt og skemmtileg. Ekkert er því til fyrirstöðu að náms- og starfsráðgjöf IÐUNNAR fræðsluseturs muni halda áfram að eflast.



ÍÐAN fræðslusetur er fyrirmyndarfyrirtæki

ÍÐAN fræðslusetur var valið fyrirmyndarfyrirtæki árið 2014 í hópi meðalstórra fyrirtækja í árlegri könnun VR. Hildur Elín Vignir framkvæmdastjóri tók á móti viðurkenningunni við hátíðlega athöfn í Hörpunni þann 22. maí sl.

VR hefur staðið fyrir könnun á kjörum og líðan félagsmanna sinna í nær tvo áratugi, en könnunin mælir viðhorf starfsmanna til átta lykilþátta á sínum vinnustað.

Lykilþættirnir eru eftirfarandi:

- trúverðugleika stjórnenda
- starfsandi
- launakjör
- vinnuskilyrði
- sveigjanleiki í vinnu
- sjálfstæði í starfi
- ímynd fyrirtækis
- ánægja og stolt





IDAN
fræðslusetur

Vatnagörðum 20
104 Reykjavík

Sími 590 6400
Fax 590 6401

idan@idan.is
www.idan.is

